

# Samfélagsumræða og rökræðumening

**Inngangur**

Sagt er að háskólastarf felist í öflun, varðveislu og miðlun þekkingar og skilnings á heiminum og sjálfum okkur. Þetta er þýðing-armesta hlutverk háskóla gagnvart menningu og samfélagi almennt. En sú spurning sem ég hef verið beðinn um að velta fyrir mér á þessum vettvangi er hvernig menningarstofnun eins og Háskóli Íslands eigi að taka þátt í menningar- og samfélags-umræðu. Ég mun ræða efnid í ljósi þriggja meginspurninga: (1) Hver eru rökín fyrir mikilvægi þess að háskólamenn taki þátt í samfélagsumræðu? (2) Með hvaða hætti ættu háskólamenn að taka þátt í samfélagsumræðu? (3) Hvað hamlar því að háskólamenn taki þátt í samfélags-umræðu? Forsenda þessara þriggja spurninga er að sjálfsögðu sú að vönduð samfélags-umræða sé þýðingarmikil fyrir menningarlíf.

**(1) Hver eru rökín fyrir mikilvægi þess að háskólamenn taki þátt í samfélagsumræðu?**

Einn helsti mælikvarði á menningarstig þjóðarinnar er sá hvernig við temjum okkur að ræða sameiginleg mál samfélagsins. Menning varðar alla meðferð og ræktun mannlegra hæfileika og mér virðist að framlag háskólamanna til hennar verði einna sýnilegast í þeim áhrifum sem þeir geta haft á umræðu á opinberum vettvangi. Hér á ég jafnt við efnislegt innihald samfélagsumræðu, röklegt sambengi hennar og form umræðunnar eða málsmeðferðina. Háskólamenn eru í sérstakri aðstöðu til þess að styrkja hvort tveggja, bæði vegna fræðilegrar þekkingar sinnar og þeirrar þjálfunar sem þeir hafa fengið í fræðilegum vinnubrögðum, rökræðu og gagnrýninni hugsun.

Ef við hugum aðeins nánar að inntaki samfélagslegrar umræðu þá er það til að mynda orðið æ mikilvægara í samfélagi síaukinnar sérhæfingar að útlista fyrir almenningi forsendur pólitískra valkosta því að skilningur á þeim getur krafist umtalsverðrar bakgrunnspækkingar og læsis á vísindalega, siðferðilega og tæknilega þætti. Taka mætti íslenska gagnagrunnsmálið sem dæmi í þessu samhengi. Oft hefur verið talað um hversu mikinn stuðning það mál hafði meðal almennings og stjórnmalamanna. Minna hefur verið gert úr því að í skoðanakönnun Gallup (18.11.1998) sem var tekin mánuði áður en hið umdeilda frumvarp var samþykkt á Alþingi kváðust einungis 13% landsmanna hafa góðan skilning á málinu. Þetta kemur ekki á óvart vegna þess að málið er flókið og tilraunir til upplýstrar umræðu máttu sín lítils í flóði kappræðunnar. Lítil viðleitni var af hálfu stjórnvalda til að upplýsa almenning um þetta flókna ákvörðunarefni, upplýsingar væntanlegs rekstrar- aðila einkenn dust af sérhagsmunum eins og við er að búast og stjórnvöld hunsuðu álit sérfræðinga.

Við aðstæður á borð við þær sem sköpuðust í gagnagrunnsmálinu skiptir sterk fjölmiðlun sköpum. Með sterkri fjölmiðlun á ég við að fjölmiðlar hafi á að skipa vel menntuðum blaðamönnum og hafi fjárhagslegt bolmagn til að veita þeim tíma til að setja sig inn í mál. Þetta eru forsendur þess að málin verði skýrð fyrir almenningi á faglegan hátt. Þessu hefur verið ábótavant hérlandis. Við slíkar aðstæður er afar mikilvægt að fræðimenn á viðkomandi fræðasviðum – í umræddu dæmi til að mynda erfðafræði, læknisfræði, tölvunarfræði, lögfræði, siðfræði og vísindaheimspeki – taki þátt í umræðu á opinberum vettvangi í því skyni að auka almenna upplýsingu og bæta rökræðu um ákvörðunarefnið. Þar með hafa borgararnir betri forsendur en ella til að öðlast sýn yfir flókin þjóðfélagsmál og verða betur í stakk búinir til að mynda sér ígrundaðar skoðanir. Þetta eru að mínu mati mikilvæg rök fyrir því að háskólamenn taki þátt í samfélagsumræðu.

Varðandi *form* samfélagsumræðu þá tel ég að meginrökín fyrir þátttöku háskólamanna séu þau að líkur séu á því að umræðan verði málefnalegri en ella. Með því á ég við að umræðan sé ekki einungis upplýst heldur að jafnframt sé tekið mark á upplýsingum og þeim röksemdum sem eru málefninu samboðin. Þetta er andstætt kappræðu sem virðist vera Íslendingum tamari en málefnaleg rökræða. Í kappræðu leitast menn við að verja fyrirframmótáða skoðun í því skyni að tryggja völd sín eða áhrif. Þar er það veikleiki

að taka mark á rökum „andstæðingsins“ og endurmeta skoðun sína í ljósi betri mál-efnalegra röksemda. Við þekkjum þetta alltof vel úr pólitískri umræðu og þetta kann að vera ein meginástæða þess að stjórn-málamenn njóta lítils trausts. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að ein höfuðástæða þess að Háskóli Íslands nýtur mests traust allra stofnana meðal íslensku þjóðarinnar (86% samkvæmt nýlegri Gallup-könnun) sé sú að almenningur hafi trú á því að háskólamenn ástundi ekki kappræðu á opinberum vettvangi heldur leitist við að hafa það sem sannara reynist og stenst röklega skoðun.

Með þessum síðustu orðum dró ég einfaldlega saman *háskólahugsjónina* sem er inntakið í allri gagnrýninni, fræðilegri hugsun. Nú eru vissar blíkur á lofti sem kunna að hafa áhrif á trúverðugleika háskólamanna. Stór-aukið rannsóknarsamstarf háskóla og einka-fyrirtækja felur í sér skörun tveggja ólíkra viðmiðana um vinnubrögð og gagnsæi. Annars vegar er siðferði vísinda þar sem meginreglan er um opna og frjálsa rökræðu og hins vegar siðferði viðskipta þar sem hagsmunir hlut-hafa, fyrirtækja og rannsakendanna sjálfra geta leitt til árekstra við hagsmuni fræðanna. Þetta leiðir mig að næsta meginatriði máls míns.

**(2) Með hvaða hætti ættu háskólamenn að taka þátt í samfélagsumræðu?**

Í ljósi þess sem ég sagði hér að framan, svara ég þessari spurningu þannig að ákjósanlegt væri að þátttaka háskólamanna í samfélags-umræðu einkenndist af þremur þáttum: (1) viðleitni til upplýsingar; (2) gagnrýni á rökfræðingar, þótt þeir láti einungis *álit* sitt í ljós en ekki fræðilegar niðurstöður, og jafnvel um efni alls óskýld fræðasviði þeirra. Fjölmiðlar þurfa að vera sérstaklega á verði gagnvart þessu því að þeir veifa gjarnan fræðititlum og embættisheitum manna til að undirstrika orð þeirra, enda hafa fjölmiðlar oft meiri áhuga á skoðunum en fræðilegum niðurstöðum.

Með því að leggja áherslu á fræðileg heilindi er ég ekki að mælast til þess að háskólamenn einskorði sig alltaf við hlutlausa greiningu á valkostum heldur einungis að þeir noti ekki fræðin sem vopn til baráttu í ágreiningsmálum sem engin leið er til að skera úr um með fræðilegum rökum. Á þessu er sérstök hættu í deilumálum þar sem gerólfkt gildismat liggur sjónarmiðum til grundvallar, svo sem í atökum um virkjun fallvatna. Hagfræðingar og líffræðingar geta til dæmis stuðlað að upplýstri umræðu um þýðingar-mikil atriði sem vega þungt þegar tekin skal ákvörðun um slíkar virkjanir en þeir geta aldrei leitt deiluna til lykta með afgerandi rökum því að hún snýst um ósambærileg gildi sem engin *fræði* geta útkljáð. Hagfræðingur gæti því sem best haft góð fræðileg rök fyrir því að virkjun sé hagkvæm en álitid þá mikilvægara að spilla ekki dýrmætu náttúru-svæði. Þessu tvennu halda menn ekki alltaf nægilega vel aðskildu.

Í viðkvæmum deilumálum af þessu tagi gegna háskólamenn, að mínu mati, best borgaralegum skyldum sínum með því að draga fram og útlista staðreyndir mála og með því að halda uppi gagnrýni á þær rökfærslur sem hagsmunaðilar setja fram í umræðunni. Ef hugsa ætti sér eitthvað sem kalla mætti „akademískan aktívisma“ eða „skólaspekilegan skæruhernað“ þá væri það látlaus gagnrýni á ónákvæma meðferð hugtaka og slælegar rökfærslur sem hamla málefnalegri og upplýstri umræðu. Þetta er líkast til beittasta aðhaldið sem hægt væri að veita baráttuglöðum ákafamönnum sem oft skeyta hvorki um rök né sannleika í skýlmingalist sinni. Gagnrýni sem afhjúpar rökleysu og ósannindi getur verið mál óflugri en efnislegur ágreiningur því að í slíkri gagnrýni er í sjálfu sér ekki fólgin nein afstaða til pólitískra ágreiningsmála. Svo dæmi sé tekið þá láta stjórnmalamenn sér það alltof oft nægja sem rök fyrir réttmæti stjórnvaldsákvarðana, svo sem þeirri að leggja blessun sína yfir innrásina í Írak, að engin lög hafi verið brotin. En lögmæti er einungis *naúðsynleg* forsenda lýðræðislegrar ákvörðunar og alls ekki *nægileg* fyrir lýðræðislegt réttmæti. Í því tilliti skiptir til dæmis máli að ákvörðun sé undirbyggð með faglegri vitn-eskju, hún taki mið af ígrunduðum vilja borgaranna og sé tekin í sæmilegri sátt við þá.

Loks nefndi ég það sem höfuðatriði fyrir þátttöku háskólamanna í samfélagsumræðu að hún einkennist af sanngjarnri og mál-efnalegri *framsetningu*. Það er raunar lág-

er sagt í kaldhæðni þegar þetta atriði ber á góma, að vísindi séu hrein af öllum hagsmunum og allt þeirra framlag sé fullkomlega óhlutdrægt. Það væri mikil grunnhyggni. Lykillinn að gagnrýninni hugsun er ekki að vera viss um fordómaleysi sitt heldur að við-urkenna takmarkanir sínar og vera vakandi gagnvart þeim áhrifum, hagsmunum og for-dómum sem jafnan móta hugsun manns og dóma. Þótt þessi áhrif verði vitaskuld aldrei fyllilega meðvitúð, þá er þetta sú *viðleitni* sem sker heidarlega hugsun frá óheidarlegri, greinir fræðilega framsetningu hugmynda frá hvers konar áróðri þar sem jafnan er dulinn tilgangur eða drottunarargirni. Í ljósi þessa nefni ég tvennt sem skiptir máli varðandi trú-verðuga þátttöku háskólamanna í samfélags-umræðu. Fyrra atriðið er að þeir geri grein fyrir hagsmunatengslum sem varða efni sem þeir tjá sig um á opinberum vettvangi og kunna að hafa áhrif á framsetningu þeirra og trúverðugleika. Ef lyfjafræðingur við Háskóla Íslands tjáir sig í dagblaði um lyfjarannsóknir Actavis, svo ímyndað dæmi sé tekið, er mikilvægt að lesandur viti hvort hann sé á launum við ráðgjöf hjá fyrirtækinu eða samkeppn-isaðila þess.

Síðara atriðið sem háskólamenn geta gert til að treysta trúverðugleika sinn er að þeir geri greinarmun á því annars vegar hvenær þeir setja hugmyndir sínar fram sem fræðimenn, þ.e. byggja mál sitt á niðurstöðum rannsókna sinna, og hins vegar þegar þeir reifa skoðanir sínar, hversu vel rökstuddar sem þær kunna að vera. Algengt er að fram-lag fræðimanna í samfélagsumræðu hafi sér-stakt vægi í krafti þess eins að þeir eru sérfræðingar, þótt þeir láti einungis *álit* sitt í ljós en ekki fræðilegar niðurstöður, og jafnvel um efni alls óskýld fræðasviði þeirra. Fjölmiðlar þurfa að vera sérstaklega á verði gagnvart þessu því að þeir veifa gjarnan fræðititlum og embættisheitum manna til að undirstrika orð þeirra, enda hafa fjölmiðlar oft meiri áhuga á skoðunum en fræðilegum niðurstöðum.

Með því að leggja áherslu á fræðileg heilindi er ég ekki að mælast til þess að háskólamenn einskorði sig alltaf við hlutlausa greiningu á valkostum heldur einungis að þeir noti ekki fræðin sem vopn til baráttu í ágreiningsmálum sem engin leið er til að skera úr um með fræðilegum rökum. Á þessu er sérstök hættu í deilumálum þar sem gerólfkt gildismat liggur sjónarmiðum til grundvallar, svo sem í atökum um virkjun fallvatna. Hagfræðingar og líffræðingar geta til dæmis stuðlað að upplýstri umræðu um þýðingar-mikil atriði sem vega þungt þegar tekin skal ákvörðun um slíkar virkjanir en þeir geta aldrei leitt deiluna til lykta með afgerandi rökum því að hún snýst um ósambærileg gildi sem engin *fræði* geta útkljáð. Hagfræðingur gæti því sem best haft góð fræðileg rök fyrir því að virkjun sé hagkvæm en álitid þá mikilvægara að spilla ekki dýrmætu náttúru-svæði. Þessu tvennu halda menn ekki alltaf nægilega vel aðskildu.

Í viðkvæmum deilumálum af þessu tagi gegna háskólamenn, að mínu mati, best borgaralegum skyldum sínum með því að draga fram og útlista staðreyndir mála og með því að halda uppi gagnrýni á þær rökfærslur sem hagsmunaðilar setja fram í umræðunni. Ef hugsa ætti sér eitthvað sem kalla mætti „akademískan aktívisma“ eða „skólaspekilegan skæruhernað“ þá væri það látlaus gagnrýni á ónákvæma meðferð hugtaka og slælegar rökfærslur sem hamla málefnalegri og upplýstri umræðu. Þetta er líkast til beittasta aðhaldið sem hægt væri að veita baráttuglöðum ákafamönnum sem oft skeyta hvorki um rök né sannleika í skýlmingalist sinni. Gagnrýni sem afhjúpar rökleysu og ósannindi getur verið mál óflugri en efnislegur ágreiningur því að í slíkri gagnrýni er í sjálfu sér ekki fólgin nein afstaða til pólitískra ágreiningsmála. Svo dæmi sé tekið þá láta stjórnmalamenn sér það alltof oft nægja sem rök fyrir réttmæti stjórnvaldsákvarðana, svo sem þeirri að leggja blessun sína yfir innrásina í Írak, að engin lög hafi verið brotin. En lögmæti er einungis *naúðsynleg* forsenda lýðræðislegrar ákvörðunar og alls ekki *nægileg* fyrir lýðræðislegt réttmæti. Í því tilliti skiptir til dæmis máli að ákvörðun sé undirbyggð með faglegri vitn-eskju, hún taki mið af ígrunduðum vilja borgaranna og sé tekin í sæmilegri sátt við þá.

Loks nefndi ég það sem höfuðatriði fyrir þátttöku háskólamanna í samfélagsumræðu að hún einkennist af sanngjarnri og mál-efnalegri *framsetningu*. Það er raunar lág-

markskrafa sem ætti að gera til allra þátttak-enda í samfélagsumræðu. Í grunnskólalögum er ákvæði um „að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi“ og í framhalds-skólalögum er meginverkefni framhaldsskóla sagt vera að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búinir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi“. Hvaða ályktanir ber okkur að draga af þessu? Fyrir utan skipulega þjálfun er sennilega ekkert mikilvægara í því skyni að búa ungt fólk undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi en að hafa fyrir þeim sanngjarna og mál-efnalega rökræðusiði. Löggjafinn sem setti þessi lög ætlar sér sýnilega ekki að vera þar í fararbroddi. Hins vegar ættu háskólamenn að setja skýrt fordæmi um lýðræðisþátttöku með því að temja sér vandaða rökræðusiði þegar þeir taka þátt í samfélagsumræðu og leggja þar með sitt af mörkum við mótun rétt-nefndrar lýðræðismenningar. Í því efni er mikið verk óunnið hér á landi.

**3) Hvað hamlar því að háskólamenn taki þátt í samfélagsumræðu?**

Síðasta spurningin sem ég sagðist myndi takast á við í þessu erindi varðar það hvers vegna háskólamenn virðast oft vera tregir til að taka þátt í samfélagsumræðu. Líkast til er höf-uðskýringin sú að þeir skynja megin skyldur sínar þannig að þeim beri að sinna rann-sóknum og kennslu sem og öðru innra háskólastarfi fremur en taka þátt í umræðu á opinberum vettvangi. Þeir kunna að hugsa sem svo að mikilvægasta framlag þeirra til samfélagsins sé fölgid í því að sinna vel þess-um skyldum og þannig muni áhrif fræðilegrar hugsunar smám saman siast inn í menn-inguna. Lýðræðislegt þjóðfélag nærast á vel menntuðum borgurum og því sé mun mikilvægara að hlúa að þeim en að dreifa kröftum sínum með þátttöku í dægurumræðu.

Þetta eru mikilvæg rök og til lengri tíma lit-id skilar þolinmótt ræktunarstarf sér fyrireitt mun betur en tímabundin átaksverkefni. En það er ekki alls kostar sannfærandi að svara spurningunni hvernig maður ræki best borgaralega skyldur sínar með því að segja að það geri maður með því að rækja vel starfs-skyldur sínar. Þótt þetta svar sé oft fullgilt þá virðist mér að starf háskólamanna hafi nokkra sérstöðu hér, ekki síst þegar háskóli er rekinn af almannafé og er réttnefndur þjóðskóli eins og Háskóli Íslands. Ég hef oft orðið var við það að almenningur væntir þess af háskóla-mönnum að þeir leggi sitt af mörkum í þjóð-félagsumræðu. Að framan nefndi ég þá stað-reynd að valkostir okkar verða æ flóknari í samfélagi sérhæfingar og ég held að við verð-um að sjá borgaralegar skyldur háskóla-manna í ljósi þessa. Stundum búa þeir einir yfir þeirri þekkingu sem er nauðsynleg til að greina málefnin, setja þau í skiljanlegt samhengi og afhjúpa áróðurskenndan málf lutning. Áður fyrr kom háskólamaðurinn gjarnan fram á opinberan vettvang til að veita al-menna yfirsýn og kynna hugmyndastrauma, en nú er hans einkum þörf til að rýna í hið sérstaka og sérhæfða sem er hulið öllum upp-lýstum almenningi en getur skipt sköpum til skilnings á brýnum úrlausnarefnum.

Háskólamenn gætu bent á að þeim sé ekki umbunað sérstaklega fyrir almannafræðslu og almennt séu störf þeirra talin léttvægari eftir því sem þau koma nær hversdagslegum vettvangi og raunhæfum ákvörðunum. Það er verðugt umhugsunarefni út af fyrir sig en á hitt ber að líta að hvatinn til að taka þátt í samfélagsumræðu getur aldrei verið fjár-hagsleg umbun. Þar verður að koma til lýð-ræðisvitund og borgaraleg ábyrgð háskóla-manna drifin áfram af sjálfri hugsjóninni um háskóla sem ég gerði að umtalsefni hér að framan. Hér skiptir máli að huga að sam-félagslegu sambengi hennar. Forsenda þess að háskóli geti verið vígi þeirrar viðleitni að hafa það sem sannara reynist er að hann búi við lýðræðislegt umhverfi sem lætur sig varða að samfélagslegrar ákvarðanir séu vel ígrund-aðar bæði af stjórnvöldum og almennum borgurum. Að öðrum kosti mun smám saman fjara undan þeirri menningu sem háskólar hafa stuðlað að og þeir eru sjálfir sprottnir úr. Hversu óraunsæ sem háskólahugsjónin kann að hljóma í heimi sem virðist lúta í meg-indráttum andstæðum öflum, þá heldur hún opinni þeirri glufu sem skíman af Upplýsing-artýrrunni nær enn inn um – þrátt fyrir allt.

Höfundur er prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.